## Vísað er til teikninga arkitekta varðandi nákvæma staðsetningu á öllum rafbúnaði.

Hæð rafmagns-, og smáspennutengla er 20cm
Hæð rafmagnstengla eldhúsi, baði, þvotti og bílskúr er 110cm
Hæð rofa er 110cm
Hæð útitengla er 150cm
Hæð veggljósa er 180cm
Hæð hitanema er 150cm
Hæð dyrasíma er 150cm
Aðrar hæðir koma fram á teikningum.

Öll mál eru gefin upp í cm miðast við fullfrágengin gólf og í miðju tengistaðar, ef annars er ekki getið á teikningu.

Rör fyrir almennar lagnir eru 16mm PVC plaströr
Rör fyrir TV-, síma- og hátalaralagnir eru 20mm PVC plaströr

Almennt fyrir lágspennur er notað 1,5q ídráttarvír PVC einangraður, aðrar stærðir koma fram á einlínumyndum.
Nota skal cat6 kapal fyrir síma- og netlagnir, PVC einangraðan.
Koax skal vera með kjarna 1,15mm fyrir TV lagnir, PVC einangraður
Brunastrengur fyrir reykskynjara, brunahandboða og bjöllur er 4x0,8mm brunakerfisstrengur J-Y(St)Y .
Utanáliggjandi kapplar til og með 2,5q skulu vera með 750V PVC einangrun.
Strengir frá 4q skulu vera með 1000V XLPE einangrun.
Allir strengir eru kopar (Cu) gerðar nema heimtaug er ál strengur (Al).

Greinar eru ekki sýndar í öllum tilfellum að töflu, en eru þá merktar viðkomandi töflu.
Málstraumur rofa og tengla skal vera minnst 10A.
Skammhlaupsgeta töflubúnaðar skal minnst vera 10kA
Málmhluta lagna, strengstiga, lampa og rafbúnaðar skal jarðbinda vandlega.
Varnarbúnaðurinn, ásamt spennuhafa taugum/leiðurum fyrir framan varnarbúnaðinn skal vera með tvöfaldri einangrun eða með aukinni (styrktri) einangrun.

Innlagnarefni skal standa IEG 60309-2, tenglar af Schuko gerð með fiktvörn og allur búnaður CE merktur.
Í blautrýmun skal varnarbúnaður raffanga minnst vera IP44.
Loft-, rofa-, tengi- og veggdósir skulu vera plastdósir af vandaðri gerð.

Húsið er timbureiningar og timbur í öllum inn- og útveggjum, einangraðir með óbrennanlegri steinull.
Sökklar og plata eru steinsteypa, einangrað með plasteinangrun.

Á þeim stöðum þar sem raflagnarkerfi fer í gegnum hluta byggingar eins og gólf, veggi, þök, loft, skilveggi eða hola veggi skal þétta opin sem gerð voru, þegar lögninni hefur verið komið fyrir. Gerð þéttingar skal miðast við eldvarnarstig (ef við á) byggingarhlutans sem farið er í gegnum (sjá ISO 834).

**Athugasemdir:**

1. Meðaná uppsetningu raflagnarkerfisstendur getur verið þörf á bráðabirgðaþéttingum.
2. Við breytingu á raflögn skulu þéttingar endurgerðareinsfljótt og unnt er.

Samantekt brunahönnunar (birtist á fyrsta blaði aðaluppdrátta með byggingalýsingu).

**Brunaþol burðarvirkis:**
Brunaþol burðarvirkja er að minnsta kosti það sama og brunaþol þeirra brunahólfa sem burðarvirkið þarf að halda uppi.

**Brunahólf:**
Brunahólfun er sýnd á uppdráttum.

**Brunaþol klæðninga:**
Loft- og veggfletir innanhúss verða í flokki 1. Upphengd loft ásamt tilheyrandi upphengjum verða úr Aefnum. Gólfefni uppfylla flokk G og þakklæðningar flokk T. Utanhúsklæðning verður í flokki 1 og festingar verða úr A-efnum. Einangrun veggja og þaka er óbrennanleg.

**Rýming og flóttaleiðir:**
Flóttaleiðir verða í samræmi við kafla 9.5 í byggingarreglugerð. Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum.

**Brunaviðvörunarkerfi:**
Reykskynjarar eru í öllum rýmum. Möguleit á að tengja þálla saman.

**Reyklosun:**
Reyklosun hússin verður í samræmi við gr. 9.4.8. í byggingarreglugerð.

**Brunaþéttingar:**
Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa verða þétt með sérstökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða seljanda efnanna og vera viðurkennd af Mannvirkjastofnun. Verkið skal unnið af vönum verkmönnum sem hafa hlotið viðurkenningu frá Mannvirkjastofnun í brunaþéttingum. Göt milli spennarýma og annarra rýma skal verður lokað á sprengiheldan hátt.

**Viðhald og eftirlit:**
Um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 200/1994. Eftirlitið skal vera í samræmi við ákvæði í 4. kalfa í NFPA-850. 4.3.1 Greinargerð um brunavarnir aðaluppdrátta samkvæmt lið a.

Til fyllingar ofangreindum texta er bætt við eftirfarandi, skv. 4.030 Skoðunarlista MVS:

Brunavarnir eru ákvarðaðar á grundvelli ákvæða byggingareglugerðar (a), því fylgja ekki með útreikningar eða önnur fylgiskjöl tengd brunahönnun, því fylgir heldur ekki efnisyfirlit.
Gæðakerfi hönnuðar fylgir byggingaleyfisumsókninni sem sér skjal, en í stuttu máli fer Hönnunarstjóri verksins (eða framkvæmdastjóri, hafi hönnunarstjóri unnið gögnin) yfir umsóknargögn m.t.t. Skoðunarlista MVS og gátlista byggingafulltrúa, þegar það á við áður en gögnum er skilað inn.

**Brunaþéttingar:**
Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa verða þétt með sérstökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðand efnanna og vera viðurkennd af Mannvirkjastofnun til fyrirhugaðra notkunar. Starfsmenn sem vinna að þéttingum skulu hafa setið námskeið Mannvirkjastofnunar um brunaþéttingar.

| | |
|---|---|
| 2 Tengill, jarðbundinn | Hitanemi |
| fjöldi 2 Einpóla rofi | F/T Samskiptatengill 1 fjöldi |
| Krónurofi | R Reykskynjari |
| 2 Samrofi | Lagnir í gólfi / jörð |
| Krossrofi | Loftnet |
| Ljósdeyfir | Lögn að töflu |
| Þrýstirofi | Jarðtenging |
| Loftdós/tengidós | Bjalla |
| Veggdós/tengidós | D Dyrasími |
| Loftljós | Loftljós innfeld |
| Veggljós | |

Samþykkt þann
11. jan. 2021
F.h. byggingarfulltrúans í Hafnarfirði
Sigurður Steinar Jónsson

Útgáfunúmer aðaluppdratta

Aðaluppdrættir samþ. dags.

***Undirskrift hönnunarstjóra***

Yfirfarið/samþ.

| Breytingar | |
|---|---|
| 1 | |
| 2 | |
| Dags | Yfirfarið |
| | — |
| | |


**Voltorka** ehf
kt:410606-1860
voltorka@voltorka.is

Helgi Pálsson
S:898-4476
helgi@voltorka.is

Baldvin Ó. Gunnarsson
S:855-3155
baldvin@voltorka.is


| | |
|---|---|
| Verkefni | **Glitberg 1** |
| Staður | **221 Hafnarfjöörður** |
| Skýring | **Lágspenna neðri hæð** |
| Hönnun, | Baldvin Ó. Gunnarsson |
| Kt. | 261069–4589 |
| Mkv | |
| Teikningarnúmer | 100–00–01 |
| Teiknað, | Baldvin Ó. Gunnarsson |
| Útgáfudagsetning, | 14.12.2020 |
| Land nr. | 120587 |
| Útgáfa | A |
| Verknúmer | 2020–094 |